

<b>Kennari:</b>	<b>Sigurros Ragnarsdóttir</b>
<b>Áfangi/fag:</b>	<b>UPPT2OF03 - Skrifstofuhugbúnaður, fyrri hluti</b>

### **Stutt lýsing**

Þátttakendur fá þjálfun í ritvinnslu, töflureikni og gerð kynningarefnis. Notast er við staðbundinn hugbúnað og hugbúnað í skýinu. Nemendur fá enn fremur stuttar kynningar á ýmsum möguleikum varðandi nám á netinu. Hugað er að skipulegri vistun gagna og að koma þeim á framfæri bæði á pappír og á rafrænan hátt, svo sem með rafrænni prentun og deilingu í skýinu.

### **Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)**

#### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Notkun ritvinnslu til að leysa algeng verkefni á sviði ritunar.
- Notkun töflureiknis til að stilla upp talnagögnum og reikna út úr þeim og birta niðurstöður á prenti og myndrænt.
- Notkun kynningarforrits til að setja efni fram myndrænt.

#### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota ritvinnslu til að útbúa algengar gerðir skjala, s.s. ritgerðir, ferilskrár, auglýsingar, merkimiða.
- Nota töflureikni til að útbúa eyðublöð, áætlanir og útreikninga, bæði með reikningsaðgerðum og algengum tölfraðiföllum. Enn fremur að gera línurit, tíðnitöflur og gagnagrunna.
- Nota kynningarforrit til að útbúa einfaldar kynningar, sem nota texta, myndir, myndskreið til að miðla efni bæði á pappír, skjá og á netinu.

#### **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Geta valið viðeigandi verkfæri til að leysa hin ýmsu verkefni sem falla til í námi og starfi. Aflað sér frekari þekkingar og færni í upplýsingartækni. Eftir þennan áfanga ætti að hafa góðan grunn til að geta bætt við sig frekari færni með því að nota hugbúnaðinn í einkalífi, námi og starfi.

**Kennslugögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)**

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd. Microsoft Teams hópur.  
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur

**Námsmat**

Til þess að standast áfangann þarf að taka öll stöðumöt sem eru í áfanganum. Til þess að fara í stöðumat þarf að klára öll verkefni fyrir ofan viðeigandi stöðumat.

**Áætlun:**

Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	Námsefni - viðfangsefni	Kaflar/verkefni	Athugasemdir
1	Word 1	Letur, Efnisgreinar	
2	Word 1	Form, myndir	
3	Word 1	Dálkhök	
4	Word 1	Dálkhök, æfingar	
5	Ritgerð 1		
6	Ritgerð 1		
7	Ritgerð 2		
8	Ritgerð 2		
9	Ferilskrá		<b>Word stöðumat 1</b>
10	Word 2	Ýmis verkefni Almanak, töflur	
11	Word 2	Ýmis verkefni Vikudagarnir, ritgerð	
12	Word 2	Ýmis verkefni Frumkvöðlar	<b>Word stöðumat 2</b>
13	Power Point 1	Ýmis verkefni	
14	Power Point 1	Ýmis verkefni	
15	Power Point 1	Ýmis verkefni	

**Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**